

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 354. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 3. febrúar 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 329. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 27. janúar 2022.
- 2) Fundargerð 157. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. janúar 2022.
- 3) Fundargerðir fræðslunefndar, dags. 15. desember 2021 og 24. janúar 2022.
- 4) Fundargerð 173. fundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 17. janúar 2022.
- 5) Fundargerð 198. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 14. desember 2021.
- 6) Fundargerð 905. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. janúar 2022.
- 7) Fyrirspurn til bæjarfulltrúa, ódags., frá Jennýju Guðmundsdóttur.
- 8) Afsláttur gatnagerðargjalda
- 9) Bréf frá Umboðsmanni barna, dag.s 28. janúar 2022, varðandi mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og rétt barna til þátttöku og áhrifa.
- 10) Kjörskrá Snæfellsbæjar vegna sameiningarkosninga Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar þann 19. febrúar n.k.
- 11) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 1. febrúar 2022  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

**329. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmudaginn 27. janúar 2022 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) Bréf frá Summit Adventure Guides, dags. 19. janúar 2022, varðandi leigu á Gufuskálum.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara að ganga til samninga á þeim nótum sem um var rætt á fundinum.
- 2) Bréf frá Mannviti hf., dags. 14. janúar 2022, varðandi sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033.  
Bæjarráð staðfesti fyrir sitt leyti sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033.
- 3) Umsókn Lísu Daggars Davíðsdóttur, dags. 24. janúar 2022, um að fá að halda hundinn Bola.  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 4) Umsókn Marinu G. Sigurjónsson, dags. 28. desember 2021, um að fá að halda hundinn Nóru.  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 5) Bréf frá íþróttá- og æskulýðsfulltrúa, dags. 11. janúar 2022, varðandi uppsögn á starfi.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að auglýsa starfið.
- 6) Bréf frá leikskólastjóra, dags. 5. janúar 2022, varðandi aukið stöðugildi á Kríubóli.  
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða.
- 7) Bréf frá bæjarritara, dags. 19. janúar 2022, varðandi aukafjárveitingu vegna barnaverndarmáls.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitinguna og mun upphæðin fara af lið 27-10, Ófyrirséð.
- 8) Bréf frá slökkviliðsstjóra, dags. 25. janúar 2022, varðandi vinnu við brunavarnaráætlun Snæfellsbæjar.  
Bæjarráð samþykkti erindið, en leggur áherslu á að vinnu við brunavarnaráætlun ljúki sem fyrst og hún verði tilbúin til umsjóllunar í bæjarstjórn á fundi í mars.  
Bæjarráð vill taka það fram að þegar farið er í vinnu sem þessa, er nauðsynlegt að leggja fyrirhugaðan kostnað annað hvort fyrir fjárhagsáætlunargerð, eða ræða hana við bæjarstjóra eða bæjarritara áður en farið í að framkvæma þá vinnu. Forstöðumenn stofnana mega ekki skuldbinda sveitarfélagið umfram fjárhagsáætlun, og því er nauðsynlegt að óska eftir aukafjárveitingu til bæjarráðs áður en farið er í fjárfreka vinnu eða framkvæmd.
- 9) Minnispunktar bæjarstjóra.
  - a) Bæjarstjóri fór yfir starfsemi brettagarðsins í íþróttahúsini á Hellissandi.
  - b) Bæjarstjóri fór yfir styrkjamál, en erindi frá Mfl. Reynis, sem vísað var til fjárhagsáætlunar 2022, gleymdist í fjárhagsáætlunarumfjöllun í haust. Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita styrk til Mfl. Reynis í knattspyrnu upp á kr. 1.500.000.-
  - c) Farið yfir markaðs- og kynningarmál.
  - d) Rætt um Mýrarholt 3.
  - e) Bæjarstjóri minnti á íbúafundinn í kvöld kl. 20:30.
  - f) Bæjarstjóri ræddi um raforku til kaldra svæða.

AB  
SG  
JG

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:01

Júníana Björg Ottarsdóttir  
Júníana Björg Ottarsdóttir

Auður Kjartansdóttir  
Auður Kjartansdóttir

Friða Sveinsdóttir  
Friða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 157157. fundur umhverfis- og  
skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 27. janúar 2022  
og hófst hann kl. 09:30.**

**Fundinn sátu:**

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir og Svanur Tómasson.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

**Dagskrá:**

**1. Gamli Kaupstaður\_Nýtt deiliskipulag - 1905013**

Staða máls rædd

*Umhverfis- og skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að hafa samband við viðkomandi.  
Í vinnslu*

**2. Brekkan Ólafsvík - Deiliskipulagsbreyting - 2102011**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Brekkuna í Ólafsvík var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagsлага. Svör bárust frá sex umsagnaraðilum sem voru öll án athugasemda. Á auglýsingatíma bárust óskir og munnlegar athugasemdir frá þeim sem höfðu áhuga á þremur lóðum á svæðinu. Vegna þeirra ábendinga voru viðbyggingarreitir rýmkaðir eftir auglýsingu. Óskað er eftir því að skipulagið verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og í kjölfarið í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að beina deiliskipulaginu til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með það í huga að senda það áfram til Skipulagsstofnunar til yfirferðar og í kjölfarið í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda.*

*Samþykkt*

**3. Fellaslóð 1 - Ósk um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við þjónustuhús - 2201002**

Ómar Pétursson sækir fyrir hönd Birkisól ehf. um byggingarleyfi fyrir stækkun þjónustuhúss að Fellaslóð 1 eins og meðfylgjandi uppdrættir sýna. Um er að ræða 7,1 fm viðbyggingu úr timbri sem hefur að geyma salerni og geymslu.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en felur byggingarfulltrúa að ræða við eiganda um að uppfylla skilyrði fyrir fatlaða.*

*Samþykkt*

**4. Grundarbraut 8 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum á útitróppum,  
inngangi og gluggum - 2201003**

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

Pétur Kristjánsson sækir um leyfi til að endurnýja og breyta legu á útitröppum og bæta við inngangi. Vegna þess verður eldhúsgluggi á jarðhæð minnkaður og hurð úr klósetti á jarðhæð tekin af og gluggi settur í staðinn. Sjá meðfylgjandi uppdrátt.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

## 5. Smiðjugata 6 - Umsókn um leyfi fyrir varmadælu og skilti - 2201004

Davíð Magnússon sækir fyrir hönd Smiðunnar Fönik ehf. um leyfi fyrir uppsetningu á varmadælu suðurhlið hússins og 230x170 cm skilti á vesturgafla. Varmadælan er 1050x480x1020cm (BxDxH) og verður staðsett í 3 metra hæð frá jörðu.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

## 6. Mýrarholt 3 - Ósk um leyfi fyrir niðurrifí - 2201005

Guðmundur Jón Valgeirsson óskar eftir leyfi til þess að rífa einbýlishús að Mýrarholti 3.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir niðurrif einbýlishúss með fyrirvara um samkomulag milli níverandi lóðarhafa, veðhafa og sveitarfélags. Nefndin bendir á að vinna þurfi málið hratt þar sem mikil hætta stafi af húsinu.*

*Samþykkt*


## 7. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

- Gámar í óleyfi ræddir. Byggingarfulltrúa falið að senda bréf á þá aðila sem málið snertir.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30.**


## Undirritunarsíða

Halldór Kristinsson




Undirritað af:  
Halldór Kristinsson  
1504756009  
Dags: 31.01.2022  
Tími: 11:16:02  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a5a16526-  
88b1-4e8f-ac92-  
cbbf45330775

Illugi Jens Jónasson




Undirritað af:  
Illugi Jens Jónasson  
3006684299  
Dags: 31.01.2022  
Tími: 19:12:18  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a5a16526-  
88b1-4e8f-ac92-  
cbbf45330775

Magnús Eiríksson



Undirritað af:  
Magnús Eiríksson  
2508623779  
Dags: 31.01.2022  
Tími: 14:47:15  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a5a16526-  
88b1-4e8f-ac92-  
cbbf45330775

Kristjana Hermannsdóttir



Undirritað af:  
Kristjana  
Hermannsdóttir  
0805675539  
Dags: 31.01.2022  
Tími: 10:25:07  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a5a16526-  
88b1-4e8f-ac92-  
cbbf45330775

Svanur Tómasson

Ragnar Már Ragnarsson

## **Fundargerð fræðslunefndar**

Haldinn Zoomfundur, 15. desember kl 21:00

**Viðstaddir:** Þorbjörg, Sigrún Erla, Monika, Orri Freyr varaformaður, Kristín Helga, Ari Bent, Hilmar.

**Ritari:** Sigrún Erla

Fyrirhuguð vinnuferð starfsmanna GSNB á ráðstefnu í London 19.-21. Jan nk. féll niður vegna covid. Hilmar leggur því til að breyta þessum starfsdögum og hafa þá: 19.jan, 25.feb og 21.mars.

Samþykkt samhljóða.

Fundi lýkur kl 21.20.

# Fræðslunefndarfundur 24.01.22 á Zoom kl 20:30

Mættir eru Þorbjörg, Ari Bent, Monica, Sigrún Erla, Kristgeir, Valentina, Hermína, Linda Rut, Hilmar.

- Tónlistarskólinn

73 nemendur - margir í fullu námi.

Tónfundir verða í febrúar og vortónleikar og vorpróf á dagskrá.

4 kennrarar og allt gengur vel þrátt fyrir covid.

- Leikskólinn

Búin að vera mannekla í covidástandinu. Lokað er fyrir foreldra inná leikskólann, staðan verður skoðuð í lok janúar.

Krafa er gerð á að foreldrar fari með börnin sín í pcr próf ef þau eru með einkenni.

Starfsdagur verður 15.febrúar og verið er að plana hann, undirbúningur fyrir foreldraviðtöl og svo fleira. Foreldraviðtöl verða vonandi í lok febrúar byrjun mars, á eftir að koma í ljós hvernig þau verða.

Fjarfundur var haldinn með samtökunum '78 þann 18.janúar og var hann áhugaverður.

Viðhaldslisti sem leikskólastjóri gerði var samþykktur og þörf er á að fara yfir það sem gera þarf með byggingatæknifræðingi/fulltrúa.

Breytingar voru gerðar á gjaldlið, sektunarliður var gerður. Fyrir hvert korter sem barn er lengur en vistunartími þess er, þá er rukkað 1.000kr fyrir og bætist það á mánaðargjaldið.

6.febrúar er dagur leikskólans og verður hann með þeim hættinum í ár að það verður bara söngur á sal fyrir krakkana, áður hefur foreldrum verið boðið í kaffi og fleira en það verður ekki þetta árið.

- Grunnskólinn

19.janúar var starfsdagur og starfsfólk fékk kynningu frá samtökunum '78.

Starfsmannasamtöl eru í gangi og byrjað er að huga að næsta skólaári.

Grunnskóli Snæfellsbæjar er eini skólinn í landinu sem er með átthagafræði í náminu - Hilmar hvetur til tilnefningu menntaverðlaunanna.

Unnið að stefnu um líkamlegt inngríp þegar á við nemendur.

Keyptur var loftgæðamælir og kemur loftið vel út í skólanum.

Komin er út sjálfsmatsskýrsla - Hilmar hvetur til að fólk skoði hana.

5 starfsmenn hættu um áramót, en búið er að hagræða í þær stöður.

Viðhaldsmálin - nokkuð sem þarf að gera, verður vonandi lagað á þessu ári.

Skólaþing var haldið um síðastliðna helgi, sameiningarmálin snúast fyrst og fremst um skólamál, sjá snaefellingar.is Hilmar var með kynningu á skólanum á þinginu.

Fulgild rafnan undirskrift
<b>PORSTEINN NARFASON</b>
Kennitala: 200366-5069 2022-01-24 11:28:47 GMT Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafnan undirskrift
<b>STEINUNN INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR</b>
Kennitala: 0909970-3219 2022-01-24 11:54:18 GMT Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafnan undirskrift
<b>RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR</b>
Kennitala: 091072-4759 2022-01-24 12:49:07 GMT Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafnan undirskrift
<b>AUDUR KJARTANSÓTTIR</b>
Kennitala: 230891-2309 2022-01-24 13:00:19 GMT Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafnan undirskrift
<b>KARITAS JÓNSDÓTTIR</b>
Kennitala: 161285-3239 2022-01-24 14:51:36 GMT Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafnan undirskrift
<b>BRYNJA ÞORBJÖRNSDÓTTIR</b>
Kennitala: 070658-2089 2022-01-24 14:13:23 GMT Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafnan undirskrift
<b>SILJA EYRÚN STEINGRÍMSDÓTTIR</b>
Kennitala: 070282-3219 2022-01-24 22:13:12 GMT Ástæða: Undirskrift



# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

## 173. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fjarfundur í Teams var haldinn þriðjudaginn 17. janúar 2022 kl: 16:00

Mættir: Karitas Jónsdóttir, Brynja Þorbjörnsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir, Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Auður Kjartansdóttir. Einnig sat Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins fundinn og ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Málefni Steypustöðvarinnar að Engjaási 1 og Þórólfs götu 10a.

Málið var áður á dagskrá á síðasta fundi þann 13. desember 2021 og á fundi þann 27. desember.

*Þar sem rekstur starfsmannabústaða að Engjaási 1 og Þórólfs götu 10A er rekin án starfsleyfis og ekki hefur verið úr því bætt innan þess frests sem heilbrigðisnefnd hefur veitt ber fyrirtækinu að stöðva rekstur starfsmannabústaðanna á tilgreindum stöðum þegar í stað. Heilbrigðisnefnd veitir fyrirtækinu frest til 1. mars 2022 til að rýma húsnæðið og loka starfsmannabústöðum.*

*Heilbrigðisnefnd vekur jafnframt athygli á að skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ber heilbrigðisnefnd að upplýsa Umhverfisstofnun um frávik, sbr. 55. gr. laganna þar sem til álita geti komið að beita stjórnvaldssektum, skv. 67. gr. laganna, en skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. getur Umhverfisstofnun lagt stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem hefur atvinnurekstur án þess að hafa til þess starfsleyfi.*

Áður en til lokunar starfsemi kemur og vísunar málsins til Umhverfisstofnunar er fyrirtækinu enn á ný gefinn kostur á að tjá sig um málið. Frestur til athugasemda er hér með veittur til 31. janúar 2022.

Framkvæmdastjóra falið fylgja málínus eftir.

#### 2. Önnur mál

Upplýst að ný gjaldskrá nr. 1680/2021 fyrir heilbrigðis- mengunarvara- og matvælaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands hefur tekið gildi.

Fundi slitið 16.35.

## 198. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. des. 2021, á Teams

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Arnar Kristjánsson, Magnús A. Sigurðsson, Valdís Einarsdóttir og Sigurður Halldór Árnason. Guðríður, Arnheiður og Karl boðuðu forföll með stuttum fyrirvara og ekki náðist að boða varamenn

*Fundarritari:* Anna Hallgrímsdóttir (AH)

Formaður setti fund kl. 10.30

### Fundargerð 197. Fundar

#### Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

### Skráning örnefna og varpfugla í Fellstrandarhreppi 2021

Farið var yfir skjöl með skráningum örnefna í Breiðafirði. Breiðafjarðarnefnd telur mjög verðmætt að fá þessar skráningar og þakkar Þorvaldi Þór Björnssyni fyrir framtak hans að þessu verkefni.

Nefndin óskar eftir kynningu frá Þorvaldi á nýju ári.

#### Afgreiðsla:

Fá upplýsingar um það hversu mikið er eftir af verkefninu.

Skoða fjárhheimild og möguleika nefndarinnar á að styrkja verkefnið framvegis.

Hafa samband við Þorvald á næsta ári og óska eftir kynningu.

### Landvarsla við Breiðafjörð

Vinna er í gangi og verður kynnt þegar hún liggur fyrir.

#### Afgreiðsla:

Vísað til næsta fundar

### Endurskoðun á Verndaráætlun Breiðafjarðar

Kostnaðaráætlun frá NAVI og NSV vegna endurskoðunar á verndaráætlun yfirfarin.

Verkefnastjórnun verður hjá NAVI, Sigurlaug Sigurðardóttir verður verkefnastjóri.

Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 4.080.000 kr. án vsk.

Gert er ráð fyrir að drög að uppfærðri verndaráætlun liggi fyrir í maí 2022.

Nefndin telur nauðsynlegt að verkefnum í verndaráætlun verði forgangsraðað.

#### Afgreiðsla:

Samþykkt að gera samning við NAVI og NSV vegna endurskoðun á Verndaráætlun Breiðafjarðar.

## Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2021

Farið yfir fjármálin.

### Afgreiðsla:

Endurskoðuð áætlun að teknu tilliti til samnings um endurskoðun á verndaráætlun samþykkt.

### Önnur mál

Vöktun á selasvæðum við Breiðafjörð.

### Afgreiðsla:

Vísað til næsta árs (og spurning hvort það tengist verndaráætlun).

Nefndin fór yfir drög að þjónustusamning vegna stöðu nýs verkefnisstjóra vegna verndar Breiðafjarðar. NSV hefur gengið frá ráðningu Jakob Johann Stakowski í starfið. Jakob mun jafnframt gegna starfi ritara Breiðafjaðrarnefndar í 25% starfshlutfalli.

### Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd óskar Jakob Johann Stakowski til hamingju með starfið.

**Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 18. janúar á Teams, kl. 10:30.**

**Fundi slitið kl. 11.30.**

## **Fundargerð 905. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Árið 2022, föstudaginn 14. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Kristján Pór Magnússon og Jón Björn Hákonarson.

Gunnar Einarsson boðaði forföll og sat Haraldur Sverrisson fundinn í hans fjarveru. Rakel Óskarsdóttir boðaði forföll og sat Daníel Jakobsson fundinn í hans fjarveru. Ásgerður K. Gylfadóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður sambandsins, setti fundinn í fjarveru Aldísar sem kom svo inn á fundin kl. 12:20 og tók Aldís þá við fundarstjórn.

Jón Björn Hákonarson vék af fundi kl. 13:00. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir kl. 13:05.

### **1. Kjarasamningur við Félag grunnskólakennara og Félag stjórnenda kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. - 2108010SA**

Lagðir fram nýir kjarasamningar milli samninganeftnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, ásamt kynningum. Ásamt bréfi frá Kennarasambandi Íslands, dags. 13. janúar 2022, þar sem niðurstaða atkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi grunnskólakennara var kynnt en samningurinn var felldur með 73,71% atkvæða.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamning við kennara og stjórnendur í tónlistarskólum.

Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 13:15.

Fundi var slitið kl. 13:40

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Pórdís Lóa Pórhallsdóttir

---

Eyþór Laxdal Arnalds

---

Haraldur Sverrisson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Bjarni Jónsson

---

Kristján Þór Magnússon

---

Jón Björn Hákonarson

---

framkvæmdastjóri

---

ritari

## Fyrirspurn til bæjarfulltrúa Snæfellsbæjar

Já, það er mikilvægt að skoða stöðuna í sveitarféluginu á hverjum tíma og það er mikilvægt að spyrja og fá svör við spurningum þess vegna ætla ég að leggja nokkrar spurningar fyrir bæjarstjórnafólk og vænti svara í Jökli.

1. Hver kom með þá fáránlegu hugmynd í upphafi að sameina Snæfellsbæ Eyja- og Miklaholtshrepp
2. Samþykktu allir bæjarfulltrúar Snæfellsbæjar tillögu um að fara í viðraður um sameiningu?
3. Hvað telja bæjarfulltrúar unnið fyrir okkur íbúa í bæjarféluginu að sameinast ?
4. Könnuðu íbúar Eyja-og Miklaholtshrepps vilja skólayfirvalda í SNB til vistunnar barna sinna í SNB síðastliðið skólaár, áður en þeir fóru með börn í Borgarnes og Stykkishólm? Ef ekki hvers vegna er þá áhugi fyrir sameiginlegum skóla núna ?
5. Finnst bæjarfulltrúum ekki nóg fyrir 17-1800 manna samfélag að reka þrjá grunnskóla þrjá leikskóla og fjögur félagsheimili, þannig að viðhald og rekstur sé viðunandi?
6. Er ekki full ástæða til að ljúka viðhaldi og endurbótum á fasteignum Snæfellsbæjar, áður en tekið er við fleiri stórum viðhalds og uppbyggingar verkefnum.
7. Hvaða atvinnutækifæri getum við íbúarnir á utanverðu Snæfellsnesi átt von á að fá í viðbót við þau sem fyrir eru með sameiningu?
8. Hvaða þjónustu búast bæjarstjórnarmenn við að íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps sæki til Snæfellsbæjar?
9. Ef ríkið ætlar að greiða 593 m.kr eingreiðslu, framlag vegna sameiningarinnar, hvað telst bæjarstjórnarmönnum þá til að það nái langt til reksturs og jafnvel byggingar nýs skóla á sunnaverðu Nesinu? Sagt var frá þessari hugmynd í fréttum um skólaþing s.l. fimmtudag ?

Þetta eru spurningarnar sem ég vil fá svör við.

Vissulega er gott að búa í samfélagi sem getur brugðist við þegar bjátar á hjá öðrum sveitarfélögum , en mín skoðun á því máli er það sé ekki sveitafélaganna heldur ríkisins að gera fólk kleyft að búa í og reka sveitafélög sem eiga í erfiðleikum. Í viðbót við þetta má benda á að landfræðilega þjónustulegar aðstæður eins og í okkar tilfelli eru engan vegin þannig að sameining geti talist eðlileg.

*Jenný Guðmundsdóttir*

## Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Snæfellsbær, 1. febrúar 2022

### Varðandi: afslátt gatnagerðargjalda

Reglur um afslátt gatnagerðargjalda féllu úr gildi 31. maí 2021.

Íhuga þarf hvort ekki sé ástæða til að framlengja relgur um 90% afslátt af gatnagerðargjöldum íbúðarhúsnaðis til að hvetja til áframhaldandi nýbygginga í sveitarfélagini.





UMBOÐSMAÐUR  
BARNA

Bréf til sveitarfélaga,

Reykjavík 28. janúar 2022

**Efni: Mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og réttur barna til þátttöku og áhrifa**

Hlutverk umboðsmanns barna er m.a. að stuðla að því, að stjórnvöld virði ákvæði Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, og taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmunu barna sbr. lög nr. 83/1994, um umboðsmann barna. Mikilvægur þáttur í innleiðingu Barnasáttmálans er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku sem snertir börn.


Umboðsmaður barna fær reglulega ábendingar sem snúa að ákvörðunum sveitarfélaga og hvort þær samrýmist hagsmunum og réttindum barna. Umboðsmaður barna vill því áréttta að sveitarfélögum ber skylda til að leggja sérstakt mat á áhrif ákvarðana á börn sem teknar eru á vettvangi þeirra, en slíkt mat ætti ávallt að fara fram á fyrstu stigum umræðu eða ákvarðanatöku. Mat á áhrifum á börn er liður í því að kanna hvort ákvörðunin samræmist 3. gr. Barnasáttmálans, sem kveður á um að það sem börnum er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang, þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða þau. Leiði mat á áhrifum í ljós að um neikvæð áhrif á börn er að ræða, ber sveitarfélögum skylda til þess að leita allra leiða til þess að fyrirbyggja slík áhrif, og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem það er ekki unnt. Þannig er tryggt að ákvörðun hverju sinni samræmist 3. gr. Barnasáttmálans. Þá ber sérstaklega að áréttta að sú skylda á ekki eingöngu við um ákvarðanir sem snúa beint að börnum eins t.d. og um fyrrkomulag skóla- eða tómstundastarfs, heldur þarf einnig að leggja mat á áhrif annarra ákvarðana sem snerta börn með óbeinni hætti, eins og t.d. skipulags- og samgöngumál.

Sveitarfélög bera jafnframt skyldu til að veita börnum rými og vettvang til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem þau varðar og ber að taka réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska, líkt og 12. gr. Barnasáttmálans kveður á um. Í þessu samhengi er rétt að benda á mikilvægi ungmannaráða sveitarfélaga þó svo að samráð við börn geti átt sér stað með fjölbreyttum hætti. Virkt samráð við börn um málefni sem snerta þau er lykilatriði í því að

komast að niðurstöðu um hvað sé börnum raunverulega fyrir bestu en auk þess búa börn yfir nauðsynlegri innsýn í eigin málefni og sjá oft lausnir sem aðrir koma ekki auga á.

Með hliðsjón af framangreindu hvetur umboðsmaður barna sveitarfélög til þess að virða rétt barna til þátttöku og áhrifa og til að innleiða að fullu ákvæði Barnasáttmálans í allri framkvæmd og ákvarðanatöku á vettvangi þeirra.

Virðingarfyllst,




Salvör Nordal, umboðsmaður barna

## **Eyja og Miklaholtshr og Snæfellsbær - Kynjaskipting kjörskrár**

### **Snæfellsbær**

<b>Ólafsvíkurkjördeild</b>				
	<b>Karlar</b>	<b>Konur</b>	<b>Kynsegin/Annað</b>	<b>Alls</b>
Kjördeild:	1	368	337	0
<b>Ólafsvíkurkjördeild</b>	<b>368</b>	<b>337</b>	<b>0</b>	<b>705</b>
<b>Hellissands- og Rífskjördeild</b>				
	<b>Karlar</b>	<b>Konur</b>	<b>Kynsegin/Annað</b>	<b>Alls</b>
Kjördeild:	2	189	169	0
<b>Hellissands- og Rífskjördeild</b>	<b>189</b>	<b>169</b>	<b>0</b>	<b>358</b>
<b>Staðarsveitar og Breiðuvíkurkj.</b>				
	<b>Karlar</b>	<b>Konur</b>	<b>Kynsegin/Annað</b>	<b>Alls</b>
Kjördeild:	3	58	53	0
<b>Staðarsveitar og Breiðuvíkurkj.</b>	<b>58</b>	<b>53</b>	<b>0</b>	<b>111</b>
<b>Snæfellsbær</b>	<b>615</b>	<b>559</b>	<b>0</b>	<b>1.174</b>



Sveitarstjórnir:  
Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar

Reykjavík, 31. Janúar 2022

Tilvísun þí: 2020011609/4.6

Tilvísun sendanda:

### Meðferð kjörskrárstofna vegna sameiningarkosninga 19. febrúar 2022

Með bréfi þessu berast sveitarstjórnnum 3 eintök af kjörskrárstofni vegna sameiningarkosninga sem fara fram 19. febrúar n.k. Um sameiningakosningar gilda ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórnna nr. 5/1998. Um framkvæmd utankjörfundaratzkvæðagreiðslna gilda lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

#### I. Kjörskrárstofnar og kosningaréttur

Kjörskrá er gerð samkvæmt 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnna og eiga allir þeir kosningarétt til sveitarstjórnna sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- Eru íslenskir ríkisborgarar.
- Eru 18 ára þegar kosning fer fram.
- Eru skráðir með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi þemur vikum fyrir kjördag, 29. janúar 2022.

Á kjörskrá eru einnig danskir, finnskir, norsskir og særnskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag, enda fullnægi þeir að öðru leyti framangreindum skilyrðum.

Íslenskir ríkisborgarar sem stunda nám á hinum Norðurlöndunum sem þurft hafa að flytja lögheimili sitt þangað vegna ákvæða samnings Norðurlandanna um almannaskráningu, glata ekki kosningarétti sínum. Námsmenn á Norðurlöndunum þurfa að tilkynna það rafraðent til Pjóðskrár Íslands að þeir séu námsmenn til þess að verða teknir á kjörskrá fyrir sameiningakosningarnar.

#### II. Kjörskrárstofnar, sbr. 4. – 9. gr. laga nr. 5/1998

Sveitarstjórnir sjá um að kjörskrár séu gerðar en Pjóðskrá gefur út prentútgáfu kjörskrárstofna til afnota fyrir sveitarstjórnir. Á hverri blaðsíðu koma fram upplýsingar um heiti sveitarfélags, kjörstað og kjördeild (hafi þær upplýsingar verið skráðar í kjördeildarkerfinu), auk blaðsíðunúmera innan sveitarfélags og raðnúmera kjósanda. Skjaldarmerki Íslands er staðsett efst í hægra horni hverrar blaðsíðu og er svartlitað, gráir rastar afmarka leslínur og heimilisföng eru feitletruð.

Á kjörskrárstofni eru eftirtaldar upplýsingar um kjósendur skráðar:

- nafn,
- lögheimili,
- kyn: karl = 1, kona = 2, hlutlaus kynskráning = 7
- kennitala
- ríkisfang ef það er ekki íslenskt.

Pjóðskrá Íslands  
Registers Iceland

Borgartún 21  
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107  
600 Akureyri

515 5300  
skra@skra.is  
skra.is



1. Skammstöfun: "Þ" (krossmerki): Einstaklingur á skránni er láttinn.
2. Skammstöfun: "e. fsl.": Einstaklingur á skránni er ekki fsl. ríkisborgari. Viðkomandi ranglega talinn íslenskur ríkisborgari á skránni, enda sé ekki um að ræða erlendan ríkisborgara með kosningarétt.
3. Skammstöfun: "mist.": Mistök við samningu kjörskrár.

**b) Einstaklingar sem bætast á skrána**

Einstaklingar sem bætast á skrána vegna leiðréttigar, ritast á milli lína meðal íbúa viðkomandi húss. Skal á þeim stað í kjörskránni, þar sem kjósandi ætti að vera, rita aftan við hlutaðeigandi heimilisfang: „sjá viðb.“ Ekki er gert ráð fyrir að sérstök viðbótareyðublöð þurfi til leiðréttингa.

**IV. Framlagning Kjörskrár**

Þegar sveitarstjórn hefur lokið yfirferð sinni um kjörskrárstofninn og samningu kjörskrár er þar með lokið, skal hún undirrituð í samræmi við 7. gr. laga nr. 5/1998, þ.e. af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.

Kjörskráin skal liggja frammi almenningi til sýnis í 10 daga fyrir kjördag, frá 9. febrúar 2022, sbr. 9. gr. laga nr. 5/1998. Nægilegt er að staðfest endurrit sé lagt fram, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

**V. Annað**

Öll kjörskráreintök, sem tekin eru í notkun, skulu fá sömu meðferð að því er varðar leiðréttigar og áritanir.

Ef sveitarstjórn þarf á fleiri en 3 kjörskráreintökum að halda, skal hún snúa sér til Pjóðskrár.

F.h. Pjóðskrár Íslands

**Karen Edda B. Benediktsdóttir**  
sérfræðingur

Pjóðskrár Íslands  
Registers Iceland

Borgartún 21  
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107  
600 Akureyri

515 5300  
skra@skra.is

skra.is

# Fólk # Fasteignir